

## 1984 nr. 97 28. maí

### Lög um bókasafnsfræðinga

Tóku gildi 13. júní 1984. Breytt með: L. 21/2001 (tóku gildi 16. maí 2001). L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brábkv. VII sem tók gildi 21. júní 2008). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málnefnasvið sé tilgreint sérstaklega óta til þess vísað, er átt við **mennta- og menningarmálaráðherra** eða **mennta- og menningarmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

#### ■ 1. gr.

- Rétt til að kalla sig [bókasafns- og upplýsingafræðing]<sup>1)</sup> og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn sem til þess hefur leyfi [ráðherra].<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 21/2001, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 104. gr.

#### ■ 2. gr.

- Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita:

1. [þeim sem lokið hafa BA-prófi frá Háskóla Íslands með bókasafns- og upplýsingafræði sem aðalgrein er jafngildir a.m.k. 60 námseiningum];<sup>1)</sup>

2. þeim sem tekið hafa lokapróf frá háskóla og a.m.k. 60 einingar í [bókasafns- og upplýsingafræði]<sup>1)</sup> við Háskóla Íslands;

3. þeim sem lokið hafa hlíðstæðu prófi erlendis sé námið viðurkennt sem slíkt af yfirvöldum þess lands þar sem námið er stundað;

4. [þeim sem tekið hafa lokapróf frá háskóla og framhaldsgráðu í bókasafns- og upplýsingafræði til viðbótar, þ.e. MA, MLS eða sambærilega háskólagráðu].<sup>1)</sup>

[Áður en leyfi er veitt skv. 3. og 4. lið skal leita umsagnar Upplýsingar – félags bókasafns- og upplýsingafræða, Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga og bókasafns- og upplýsingafræðiskorar við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 21/2001, 2. gr.

#### ■ 3. gr.

- [Bókasafns- og upplýsingafræðingi]<sup>1)</sup> ber að starfa samkvæmt lögum og reglugerðum um bókasöfn sem í gildi eru á hverjum tíma.

<sup>1)</sup> L. 21/2001, 3. gr.

#### ■ 4. gr.

- Brot á lögum þessum varða sektum. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 233. gr.

#### ■ 5. gr.

- [Ráðherra]<sup>1)</sup> getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 104. gr.

#### ■ 6. gr.

- Lög þessi öðlast þegar gildi.